

Námskeið – Mættir voru Ásta Þórisdóttir, Davíð Gunnarsson, Hildur Dagbjört Arnardóttir, Lína Björg Tryggvadóttir og María Maack

Lína kynnti fyrir Grænu teymi fyrri hluta námsefnis sem getið er um að Grænt teymi skuli kynna sér.

Þau eru samkvæmt stöðlum EarthCheck

- Global Sustainability Challenges.
- Principles of sustainability.
- Sustainability Policy and action plan.
- Relevant environmental laws, regulations and codes of practice.
- Environmental programs and activities.
- Green Team roles and responsibilities.

1. Fjallað var um hverjar helstu áskoranir eru varðandi sjálfbærni og hvernig verkefnið gæti unnið þeim áskorunum. Ábendinga um að sveitarfélögin gætu unnið frekar að Reko og kynnt sér norræna stefnu í þeim málum. María ætlaði að senda lesefni varðandi það. Einnig var fjallað um vottað eldhús- geta sveitarfélögin unnið að því að fá slíkt á svæðið? Færanlegt sláturhús var einnig nefnt og sveitarfélögin ættu að stuðla að meiri ræktun. Verkefnastjóra falið að skoða hvort að hægt væri að setja þessi atriði í Framkvæmdaráætlun eða skoða þau í tengslum við verkefnið.
2. Meginreglur sjálfbærni. Fjallað um hverjar þær eru – Verndun umhverfis – Efnahagsþróun – Félagsleg velferð og jöfnuður. Fjallað var um hvernig verkefnið getur unnið með þessar þrjár meginreglur.
3. Fjallað um þróun verkefnisins og fjármögnun. Búið er að sækja um að verkefnið verði áhersluverkefni í Sóknaráætlun og sótt um fjármagn til að sinna verkefnum eins og úttekt vegna grænna skrefa - Kynningu á verkefninu – verkefnum sem tengjast loftslagsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar – Auknum kynningum á verkefninu og vinnu við að hefja samræmingu ferla og stefnu sveitarfélagana á Vestfjörðum varðandi sorpflokkun og förgun.
4. Önnur mál

Verkefnastjóri lagið fyrir hugmynd að á Haustþingi væri afhent viðurkenning til sveitarfélaga sem standa sig vel í umhverfisvitund. Einnig verði veitt verðlaun til einstaklinga og fyrirtækja sem láta til sín taka í umhverfismálum. Rætt var um verkefni varðandi hreinsun plasts í fjörum og hvernig hægt væri að minnka umbúðir.

Fundi slitið kl. 10.00 og ákveðin næsti fundartími 21. febrúar 2019 kl.8:15 og verður þá farið í seinni hluta námsefnis.